



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglugerð um tómskundastyrk í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

1. gr.

Forsendur og markmið

Skeiða- og Gnúpverjahreppur styrkir tómskundaiðkun barna í sveitarfélaginu með árlegu framlagi. Tómskundastyrk er ætlað að greiða niður æfingar- og/eða þáttökugjald og er meginmarkmið tómskundastyrksins að gera öllum börnum á aldrinum 6-18 ára kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþrótta-, lista- og tómskundastarfi.

Upphæðin sem greidd er í tómskundastyrk skal vera hámark þeirra upphæðar sem ákveðin er í fjárhagsáætlanagerð hverju sinni.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu tómskundastyrks

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um tómskundastyrk.

Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna. Tómskundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna í skipulögðu íþrótta- og tómskundastarfi sem kennt er undir handleiðslu kennara eða þjálfara.

Dæmi um hvað er hægt að nýta styrkinn í:

- Skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda. Það á við um allt íþrótta- og tómskundastarf sem stundað er á vegum íþróttafélaga, dansskóla, skáta, tónlistarskóla ofl.
- Íþrótta- og tómskundanámskeið barna sem haldin eru í sumarleyfum.
- Skipulögð námskeið s.s. listnámskeið, reiðnámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið og skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva.

3. gr.

Almennt um fyrirkomulag

Styrkurinn er veittur á ársgrundvelli, hann er ekki hægt að færa á milli ára en styrkuppheð hvers árs gildir fyrir tómskundastarf sem stundað er og greitt það ár.


Sækja þarf um styrkinn á heimasíðu sveitarfélagsins og jafnframt skila inn frumriti af greiðslukvittun þar sem kemur fram nafn og kennitala félags, nafn barns og kennitala, dagsetning greiðslu, æfingatímabil, upphæð sem greidd er og fyrir hvað er greitt.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Styrkinn þarf ekki að greiða út í einu lagi, hægt er að sækja um styrk „jafnóðum“ og gjöld koma til greiðslu.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. september 2021

 Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps
Sylvía Karen Heimisdóttir
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri